

## Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi orðfræðisviðs á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Neshaga 16, 3. hæð, þriðjudaginn 10. febrúar 2015 og hófst kl. 14.30. Fundinn sátu: Guðrún Kvaran formaður, Haraldur Bernharðsson varaformaður, Anna Sigríður Þráinsdóttir, Eiríkur Rögnvaldsson og Sigríður Dagný Þorvaldsdóttir. Jóhannes B. Sigtryggsson frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

### 1. Nýr ríkjaheitalisti utanríkisráðuneytis

Utanríkisráðuneytið birti nýlega nýjan lista yfir *Ríkjaheiti á íslensku*:

<http://www.utanrikisraduneyti.is/utgafa/rikjaheiti-a-islensku/> (tók gildi 1. janúar 2015).

Þessi nýi listi utanríkisráðuneytis stangast oft á við ríkjaheitalista sem birtur er á vefsíðu Árnastofnunar (<http://www.arnastofnun.is/page/rikjaheiti>). Sá listi er að langmestu leyti byggður á listanum *Landaheiti og höfuðstaðaheiti* sem Íslensk málnefnd samþykkti 2005. Dæmi um frávik frá fyrri hefð í lista utanríkisráðuneytis eru ritmyndirnar *Burundí, Mosambík, Afghanistan, Kazakstan, Belarus (Hvíta-Rússland)* (í ríkjaheitaskrá Árnastofnunar: *Búrúndí, Mósambík, Afganistan, Kasakstan, Hvíta-Rússland*) o.s.frv. Fyrirspurnir hafa borist málræktarsviði, m.a. frá Þýðingarmiðstöð utanríkisráðuneytis, um stöðu þessa nýja lista og hvorn listann bæri að nota. Haraldur og fleiri töldu mikilvægt að hafa aðeins einn lista. Hann sagði að það væri til hagsbóta fyrir almenning að stafsetning væri í samræmi við framburð. Anna taldi að endurskoða þyrfti ríkjaheitalista Árnastofnunar til samræmis við nýja tíma. Ákveðið var að leggja til við ráðuneyti að stofnaður yrði hópur með fulltrúum Íslenskrar málnefndar, málræktarsviðs Árnastofnunar, Ríkisútvarpins, Bláamannafélagsins, Hagstofu og utanríkisráðuneytis þar sem reynt yrði að samræma ríkjaheitalistana þannig að úr yrði einn samræmdur listi. Anna Sigríður sagðist reiðubúinn til að vera fulltrúi ÍM í slíkum hóp. Jóhannes gagnrýndi þessa niðurstöðu. Hann sagði að ríkjaheitalisti Árnastofnunar byggðist á ritreglum Málnefndarinnar og hennar starfi í um 40 ár á þessu sviði og væri því sá listi sem styðja ætti nema stefnubreyting hefði orðið hjá ÍM.

Ákveðið var að formaður sendi bréf til utanríkisráðuneytis þar sem hvatt yrði til þess að skipuð yrði nefnd sem færi yfir listana og kæmi sér saman um einn lista sem yrði aðgengilegur á vefnum.

### 2. Úttekt á efndum íslenskrar málstefnu

Sjá fg. stj. ÍM 9/2014, 3. lið. Haraldur fjallaði um hvar vinna við skýrslu um efndir íslenskrar málstefnu stæði. Skýrslan væri orðin mjög umfangsmikil eða um 40 blaðsíður. Allt efnið væri nú komið í skýrsluna. Ákveðið var að taka út tvö eða þrjú meginatriði í hverjum kafla. Einnig var samþykkt að samið yrði um 4–5 blaðsíðna bréf til ráðherra með helstu áhersluatriðum. Heildarskýrslan, sem Haraldur hyggst samræma og laga til fyrir næsta fund stjórnar, yrði síðan birt á heimasíðu ÍM.

### Mál til bókuar

Formanni ÍM barst ábending frá Jóni Björgvinssyni 18. desember 2014 um að upplýsingar á ýmsum ljósaskiltum Vegagerðarinnar væru enn aðeins á ensku. Ritari sendi skeyti sama dag til upplýsingafulltrúa Vegagerðarinnar G. Péturs Matthíassonar þar sem spurst var fyrir um þetta. Pétur svaraði sama dag og sagði að nokkuð langt væri síðan ljósaskiltunum hefði verið breytt þannig að upplýsingar birtust bæði á íslensku og ensku. Um fyrri skrif vegna þessa máls sjá fg. stj. ÍM 5/2105, Mál til bókuar.

Formaður ÍM sendi bréf 26. janúar 2015 til nefndasviðs Alþingis vegna frumvarps til laga um örnefni, 403. mál. Í bréfinu segir m.a.: „Málnefndin vill nú ítreka að hún tekur undir 4. gr. frumvarpsins þar sem lagt er til að Íslensk málnefnd tilnefni einn fulltrúa í örnefnanefnd. Hún hafði áður áheyrnarfulltrúa en þessi tillaga er mun eðlilegri og í samræmi við hlutverk Íslenskrar málnefndar. Í lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls nr. 61 frá júní 2011 er í 6. gr. um hlutverk Íslenskrar málnefndar tekið fram að hún skuli veita stjórnvöldum ráðgjöf um íslenska tungu á fræðilegum grundvelli og falla örnefni undir þá skilgreiningu.“

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 15.40.

Guðrún Kvaran  
sign.

Jóhannes B. Sigtryggsson  
sign.